

**Ed.**

## **27. Frumvarp til laga**

um breyting á lögum nr. 78 23. júní 1936, um ríkisframbærslu sjúkra manna og örkumla.

Flm.: Þorsteinn Þorsteinsson, Jón Auðunn Jónsson.

### **1. gr.**

1. málsgr. 4. gr. laganna orðist svo:

Nú hefir sjúklingur, annar en berklasjúklingur (sbr. 1. tölulið 1. gr.), verið úrskurðaður styrkhæfur samkvæmt lögum þessum, og á hann þá rétt á styrk úr ríkissjóði til greiðslu  $\frac{1}{5}$  kostnaðar við nauðsynlega og hæfilega dvöl á sjúkrahúsi eða hæli við hans hæfi, svo og alla viðeigandi aðhlýðningu þar, þar með talin nauðsynleg læknishjálp og lyf, enda sé um að ræða slíkt sjúkrahús eða hæli, sem rekið er af ríkinu, eða sjúkrahús eða hæli, sem ráðherra hefir samið við um vist og greiðslu fyrir slíka sjúklinga, er þangað leita. Allan kostnað samkvæmt framan-sögðu greiðir ríkissjóður fyrir berklasjúklinga, er úrskurðaðir hafa verið styrkhæfir.

### **2. gr.**

1. og 2. töluliður 6. gr. laganna orðist svo:

1. Sjúklingi, öðrum en berklasjúklingi (sbr. 1. tölulið 1. gr.), sem er úrskurðaður styrkhæfur samkvæmt lögum þessum, til greiðslu allt að  $\frac{1}{5}$  kostnaðar við nauðsynlega dvöl á sjúkrahúsi eða hæli, öðrum en þeim, sem um getur í 4. gr., ef nauðsyn hefir borið til að vista sjúklinginn þar til bráðabirgða, annaðhvort vegna þess, að ekki hefir fengizt rúm fyrir hann á sjúkrahúsi eða hæli, sem um getur í 4. gr., eða sjúklingurinn hefir ekki verið flutningsfær í slíkt sjúkrahús eða hæli. Á sama hátt er heimilt að úrskurða berklasjúklingi styrk úr ríkissjóði til greiðslu alls sjúkrakostnaðar við dvöl hans á slíku sjúkrahúsi eða hæli. Upphæð styrksins úrskurðar ráðherra með tilliti til dvalarkostnaðar í sjúkrahúsum eða hælum, sem rekin eru af ríkinu, svo og með tilliti til gildandi samninga við sjúkrahús þau eða hæli, sem samið hefir verið við um vist slíkra sjúklinga. Fyrir berklasjúkling skal greiða að fullu styrk þann, sem úrskurðaður hefir verið.
2. Sjúklingi, öðrum en berklasjúklingi (sbr. 1. tölulið 1. gr.), sem úrskurðaður er styrkhæfur samkvæmt lögum þessum og ekki dvelur á sjúkrahúsi eða hæli, til greiðslu  $\frac{1}{5}$  nauðsynlegs lækningakostnaðar, enda sé læknishjálpin mikilsháttar eða langvarandi, svo sem meðala, rafmagnsaðgerða mænuóttarsjúklinga, geitnalækninga o. s. frv. Fyrir berklasjúkling greiðist að fullu styrkur sá, sem úrskurðaður hefir verið. Upphæð styrksins úrskurðar ráðherra samkvæmt gildandi læknaagjaldskrá.

### **Greinargerð.**

Það þykir nú þegar sýnt, að ýmsum sveitar- og bæjarfélögum hefir verið bundinn ærið þungur baggi með lögum um ríkisframbærslu sjúkra manna og örkumla. Einkum á þó þetta við um kostnað þann, sem bæjar- og sveitarfélögum er ætlað að greiða vegna berklasjúklinga. Í þeim héruðum, þar sem mikil berklaveiki er, eru þessi útgjöld sveitarfélaganna þeim langt um megn, og eins og ástatt er um fjárhag bæjar- og sveitarfélaga nú, virðist engin önnur leið til úrbóta en að ríkissjóður taki að sér að greiða allan sjúkrakostnað berklaveikissjúklinga, að svo miklu leyti sem ekki er talið fært í hverju einstöku tilfalli, að sjúklingarnir greiði hann sjálfir, en það liggur undir úrskurði ráðherra, að fengnum tillögum landlæknis, að ákveða þar um. Frv. er flutt í þeim tilgangi að létta af bæjar- og sveitarsjóðum þeim  $\frac{1}{5}$  hluta kostnaðar berklasjúklinga, sem þeim nú er skylt að greiða, ef berklasjúkling brestur geta til greiðslunnar. Nái frv. þetta fram að ganga, greiðir ríkissjóður, eins og áður var, allan þann sjúkrakostnað, sem berklasjúklingnum sjálfum er um megn að greiða, án aðstoðar frá hreppfélögum.